


Líf og fjör á Aldrei fór ég suður

Hátt í 5000 manns sóttu tónlistar-
hátíðina Aldrei fór ég suður sem
haldin var á Ísafirði um páska-
ana. Ljósmyndarar blaðsins
voru á staðnum og fonguðu
stemninguna.

— sjá bls. 12 og 13



Fjölhæfur handbolta- þjálfari á Ísafirði

Ingvar Örn Ákason er tæplega þrítugur
Vesturbæingur sem búið hefur á Ísafirði
síðustu þrjú ár. Hann hefur verið yfirþjálf-
ari handknattleiksdeildar Harðar frá 2010.
Ingvar er fjölhæfur ungur maður og
annast einnig ræðuþjálfun, uppistand
og veislustjórn.



— sjá bls. 16 og 17



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 4. apríl 2013 · 13. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Fjölmenni á AFÉS

LEIGUFÉLAG
VESTFJARÐA


Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband
sími: 456 6600



• HAMRAB GLER
• SPEGLAR
• SANDBLÁSÍÐ
• OG MARGT FLEIRA

STURTU
DAGAR
GEYTTUÐ FRAMLEIÐSLA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1968

Span
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJÚGÍ 7 • KÓPÁVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá
Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði
hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi
Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim
með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Jákvæð ímynd og efnahagslegur ávinningur

„Það er ljóst að þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir samfélagið og þetta hefur heppnast í alla staði frábærlega. Það besta er ímyndin sem hefur skapast, að við sýnum hvað við erum góðir gestgjafar. Þeir sem eru hér út af skíðasvæðinu eru heillaðir af því og þeir sem komu á AFES eru heillaðir af bænum,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, um þá þýðingu sem bæjarhátíðir eins og skíðavikan og rokkhátíðin Aldrei fór ég suður hafa fyrir samfélagið. Auk þeirrar jákvæðu ímyndar sem skapast eyðir fólk líka töluverðum peningum og fyrirtæki á svæðinu njóta góðs af auknum fjölda viðskiptavina.

„Þetta eru um 4000 gestir sem koma um páskana og má gera ráð fyrir því að hver skilji eftir sig 10.000 krónur á dag. Ef við



Tónleikagestir á Aldrei fór ég suður.

gerum ráð fyrir 8000 sólarhringum er þetta há upphæð. Á skíðasvæðinu, einu sér, kemur inn 1,5 milljón á dag í miðasölu og svo einhver velta í sjoppunni líka. Helmingur innkomu skíðasvæðisins kemur inn um páskana, ná-

lægt 5 milljónum. Það var allt gistirými nánast fullt og veitingastaðir vel sóttir. Það eru tugir ef ekki hundruð milljóna sem þetta veltir,“ segir Daníel. Ekkert kostar inn á rokkhátíðina Aldrei fór ég suður og mikið af þeirri

vinnu sem unnin er í kringum hátíðina er unnin í sjálfböðavinnu. Óbein áhrif hátíðarinnar, og skíðavikunnar, eru þó töluverð fyrir samfélagið í heild.


Með hækkandi sól fer ferðamönnum fjölgandi og má segja

að páskaarnir marki upphaf sumarvertíðarinnar fyrir suma árstíðabundna ferðaþjónustuaðila á svæðinu, en margir hefja starfsemi einmitt um páskana eftir veturlangt frí.

– hordur@bb.is

Námskeið á Ísafirði 11. apríl

Raki og mygla í húsum



Mikilvægasta skrefið er að læra að þekkja og fyrirbyggja rakavandamál í húsnæði

Á þessu námskeiði verður fjallað um raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum. Markmið þess að að kenna þátttakendum að þekkja myglu og kynna þeim ráðstafanir gegn henni. Farið verður yfir helstu galla á byggingafræðilegum lausnum og helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum og hvernig meggi koma í veg fyrir þau. Farið verður lauslega í loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingahluta fjallað um byggingaraka og greiningu rakaskemmda. Fjallað verður um líffsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

Námsmat:

100% mæting.

Kennarar:

Sylja Dögg Sigurjónsdóttir, BSc í líffræði og meistaranemi í lýðheilsuvísindum.
Kristinn Alexandersson, Byggingatæknifræðingur, VSÓ Ráðgjöf.

Staðsetning:

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði.

Tími:

Fimmtudagur 11. apríl kl. 10.00 - 16.00.

Lengd:

10 kennslustundir.

Verð / aðilar IDUNNAR:

20.000 kr. / 4.000 kr.

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS

Nánari upplýsingar og skráning á
www.idan.is eða í síma 590 6400



Fræðslumiðstöð Vestfjarða



IDAN
fræðslusetur
idan@idan.is
www.idan.is



Elena Dís og Sigurjón með Kristbirni Sigurjónssyni.

Sigurjón og Elena Dís sigruðu

„Sprettangan gekk alveg glimrandi flott. Það gekk allt hratt fyrir sig eins og það á að gera. Sprettkóngur varð Sigurjón Hallgrímsson og Elena Dís Víðisdóttir varð sprettdrottning í ár,“ segir Kristbjörn R Sigurjónsson, eigandi verslunarinnar CraftSport á Ísafirði, en hin árlega gönguskiðakeppni CraftSport var haldin í Hafnarstræti á Ísafirði í kjölfar formlegrar setningu skíðavikunnar á miðvikudag. Sigurjón Hallgrímsson bar sigurorð af Einari Birki Sveinbjörnssyni í úrslitum og Elena Dís Víðisdóttir sigraði Guðbjörgu Rós Sigurðardóttur í úrslitum.


Craftsport gaf fataúttekt í verðlaun og fengu sprettkóngurinn og -drottningin stórt og mikið páskaegg í sigurlaun. Keppendur voru 63 að þessu sinni en krakkar í Skíðafélagi Ísafjarðar kepptu einnig og fengu allir þátttakendur fataúttekt og lítið páskaegg að launum. „Ég vill koma þökkum til starfsfólks sem stóð í þessu með okkur, til Gámaþjónustu Vestfjarða, skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar og áhaldahúss Ísafjarðarbæjar, fyrir frábærlega vel unnin störf,“ segir Kristbjörn, en hann er að vonum ánægður með útkomuna á vel heppnuðu móti í alla staði.

– hordur@bb.is

NÝR VEFUR Í LOFTIÐ



FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að smella sér inn á nýja vefinn okkar. Hann var að fara í loftið og við erum alveg í skýjunum með hann. Af þessu tilefni erum við með bráðsmellin tilboð á skemmtiferðum suður á bóginn, norður eftir, vestur á firði eða austur á land. Komdu um borð á flugfelag.is



NÚ Á NETINU

01. FLUGSLÁTTUR = AFSLÁTTUR AF FLUGI

Flugsláttur er afsláttarkóði sem stundum fylgir kynningarefni Flugfélags Íslands. Með því að skrá Flugslátt við bókun á flugi á netinu færðu umsvifalaust afslátt. Flugsláttur færir niður verðið og þú sparar. Fylgstu vel með Flugsláttinum í auglýsingum okkar.

NYTT10

Flugslátturinn
Gefur þér afslátt
á flugfelag.is

02. BÓKAÐU, BREYTTU EÐA AFBÓKAÐU

Þú bókar flugið einfaldlega á netinu þegar þú veist hvert þú ætlar. Ef þú hættir við þá geturðu líka afbókað á netinu eða breytt bókun — það máttu bóka.



03. KAUPTU GJAFABRÉF

Láttu það ekki vefjast fyrir þér að kaupa gjöfina. Þú finnur pakka fulla af ævintýrum og ferðafrelsi í gjafabréfum frá okkur. Nokkrir smellir á netinu og allir glaðir.



04. ENN FLEIRI SÆTI Á NETVERÐI

Viltu sæti, sæti? Nú eru enn fleiri sæti á netverði. Nú er bara að sæta lagi og stökkva á næsta nettilboð. Þú mátt velja milli sæta, sæta.



05. VELDU ÞITT UPPÁHALDSSÆTI



Hérna er uppáhaldssætið þitt, sætyndið mitt. Já, hérna á netinu. Við getum bókað það núna strax og ég ætla að sitja þér við hlið. Ekkert smá hentugt.

06. GÆLUDÝRIÐ, GOLFSETTIÐ, EÐA YFIRVIGTIN



Þú færð 50% afslátt af yfirvigtinni með því að bóka far fyrir hana á netinu. Það er kjörið fyrir skíðin, golfsettið eða gæludýrið. Alveg klikkað auðvelt að pakka.



Skemmtilegasta ævintýrið til þessa

Fjallabráður, vestfirski karla-kórinn sem víðfrægur er orðinn tróð eftirminnilega upp í íþróttahúsinu við Torfsnes á skírdagskvöld. Um 900 miðar voru seldir og er það enn eitt met sem slegið hefur verið þessa páskana á Ísafirði. Góður rómur var gerður af tónleikunum og enn betra gengi hefur fylgt í kjölfarið – bæði á Aldrei fór ég suður hátíðinni sjálfri en einnig með eftirminnilegum augnablikum öðrum, eins og því sem mörgum varð eftirminnilegt á öldrunardeild Fjórð-

ungssjúkrahússins á Ísafirði sem kórinn heimsótti í kjölfarið í til-efni páskahátíðarinnar.

Fjallabráður fluttu tvo fjörutíu feta gáma með sér vestur til að hafa tónleikana sem veglegasta og munu í ljósi þeirrar frábæru mætingar sem Ísfirðingar og nær-sveitafólk sýndi ekki hafa þurft að borga þó nokkuð með þessu ævintýri sínu enda heil lúðrasveit sem fylgdi þeim alla leið frá Vestmannaeyjum. Að sögn Halldórs Gunnars Pálssonar kórstjóra mun þetta hafa verið stærsta ævintýri

hljómsveitarinnar til þessa.

„Það var ótrúlegur léttir þarna þegar liðið var á miðvikudaginn að heyra af því að við værum komnir fyrir vind með kostnaðinn af þessu öllu saman og geta farið að einbeita sér að því að halda frábæra tónleika.“ Þess má geta að minni hópar frá Fjallabráðrum hafa verið að vinna hjá Exton hljóð- og sviðsfyrirtækinu síðustu vikur en það er hluti af framlagi kórsins til að hafa upp í kostnað af leigu á sviðs og tækjabúnaðnum sem komið var fyrir íþróttahúsinu á skírdag. Kórinn leggur því mikið sjálfbóðaliðastarf af mörkum á hverjum tíma enda samheldinn og ósérhlífinn félags-skapur. Kórfélagarnir ákváðu að leggja í þetta dæmi á sama skala og í Háskólabíó fyrir áramót og því er ekki um lítið magn af sviðs-útbúnaði að ræða en það borgaði sig fyllilega að mati þeirra félaganna. „Tónleikarnir á Aldrei tókust líka með afbrigðum vel og allir ánægðir hérna megin“ sagði Halldór.



Sveinbjörn Hafsteinsson sem hér syngur ásamt Halldóri Gunnari og Fjallabráðrum, hélt áfram að slá í gegn alveg fram á laugardagsmorgun. Mynd: Benedikt Hermannsson.

„Þetta var það skemmtilegasta eða eins og afi – og langafi myndu segja – það er dásamlegt að hafa fengið að láta þetta gerast allt hér heima. Alveg hreint dásamlegt.“ Þrátt fyrir stóra tónleika á fimmtudeginum var sólarhringurinn sem fylgdi alveg jafn ótrúlegur, að sögn Halldórs Gunnars. Það var troðið upp í Hamraborg á föstudaginn langa til að þakka veittan stuðning – enda aldrei áður sem jafn margir miðar hafa selst í forsölu á tónleika hér fyrir vestan. Steinar Snæbjörnsson tæknistjóri Fjallabráðra var kominn vestur tveimur dögum fyrr að undirbúa sviðið enda mikið fyrirtæki að koma þessum ríflega 100 manns fyrir sem heildarfjöldi hljómsveitarmeðlima er. Fjallabráður telja 49 digra meðlimi, hljómsveitin sjálf telur sex manns og svo bætist við lúðrasveit Vestmanneyja og Ragnhildur Gísladóttir. Fjallabráður sömdu og fluttu lag AFÉS hátíðarinnar þetta árið „Þetta er ást“.

húsinu á skírdag. Kórinn leggur því mikið sjálfbóðaliðastarf af mörkum á hverjum tíma enda samheldinn og ósérhlífinn félags-skapur. Kórfélagarnir ákváðu að leggja í þetta dæmi á sama skala og í Háskólabíó fyrir áramót og því er ekki um lítið magn af sviðs-útbúnaði að ræða en það borgaði sig fyllilega að mati þeirra félaganna. „Tónleikarnir á Aldrei tókust líka með afbrigðum vel og allir ánægðir hérna megin“ sagði Halldór.

„Þetta var það skemmtilegasta eða eins og afi – og langafi myndu segja – það er dásamlegt að hafa fengið að láta þetta gerast allt hér heima. Alveg hreint dásamlegt.“ Þrátt fyrir stóra tónleika á fimmtudeginum var sólarhringurinn sem fylgdi alveg jafn ótrúlegur, að sögn Halldórs Gunnars. Það var troðið upp í Hamraborg á föstudaginn langa til að þakka veittan stuðning – enda aldrei áður sem jafn margir miðar hafa selst í forsölu á tónleika hér fyrir vestan. Steinar Snæbjörnsson tæknistjóri Fjallabráðra var kominn vestur tveimur dögum fyrr að undirbúa sviðið enda mikið fyrirtæki að koma þessum ríflega 100 manns fyrir sem heildarfjöldi hljómsveitarmeðlima er. Fjallabráður telja 49 digra meðlimi, hljómsveitin sjálf telur sex manns og svo bætist við lúðrasveit Vestmanneyja og Ragnhildur Gísladóttir. Fjallabráður sömdu og fluttu lag AFÉS hátíðarinnar þetta árið „Þetta er ást“.

Húsfyllir á styrktartónleikum í Grænlandssetrinu

Húsfyllir var á styrktartónleikum Grænlandssetursins í Bolungarvík á laugardag fyrir páska. Tónleikarnir voru til styrktar byggingu nýs tónlistar- og samkomuhúss í Kulusuk á Grænlandi. Húsinu er ætlað að koma í stað eldra húss sem brann til kaldra kola fyrr í mánuðinum og var eina samkomu- og tónlistarhús staðarins. Fram komu Mugison, Lára Rúnars, Jónas Sigurðsson og Ylja. Léku þau á alls oddi og var góð stemning í húsinu.

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, færði söfnuninni nýjan lúður, og bað um að séð yrði til þess að hann kæmist í góðar hendur á Grænlandi, en öll hljóðfæri sem í húsinu voru eyðilögðust í brunanum. Á meðan á tónleikunum stóð birtust myndir frá Kulusuk, húsbrunanum og ægífagurri náttúru Grænlands, á tjaldi, auk ýmissa upplýsinga um land og þjóð eins og vará tónleikum sem haldnir voru af sama tilefni í

Hörpu viku fyrr. Talsvert var hringt í styrktarnúmer sem gefin voru upp og einnig safnaðist nokkurt fé meðal tónleikagesta.

„Tæpast hefði náðst í alla þá góðu listamenn sem komu fram nema þar sem svo vel vildi til að rokkhátíðin Aldrei fór ég suður stóð yfir á Ísafirði og fjölmargir listamennirnir voru staddir vestra vegna hennar. Var það einkum fyrir tilverknað Guðmundar M. Kristjánssonar og Elíasar Arnar, sonar hans (Mugison), að af þessum viðburði gat orðið. Eru þeim og öllum öðrum sem aðstoðuðu við að gera þennan viðburð að veruleika færðar bestu þakkir fyrir og vonandi að það fé sem safnaðist nýttist íbúum Kulusuk á Grænlandi sem best og að þeir njóti einnig í einhverri mynd þeirra góðu strauma sem bárust frá Grænlandssetrinu í Bolungarvík þessa eftirmiðdagsstund,“ segir Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík fyrir hönd Grænlandssetursins.

SÝNT Í EDINBORGARHÚSINU // 84. VERKEFNI - 48. LEIKÁR // MIÐASÖLUSÍMI 856 5455

LITLI LEIKKLÚBBURINN SÝNIR:

GÚTTÓ

// HLEGID HÁTT OG DANSAD DÁTT Í 40 ÁR

SÝNINGAR:

LOKASÝNING: FÖSTUDAGINN 5. APRÍL KL 22.

MIÐAVERÐ
2.800

Við bjóðum þér í morgunkaffi til að ræða byggðamálin



Við bjóðum þér í morgunkaffi laugardaginn, 6. apríl nk. kl. 10.30 á Hótel Ísafirði, til þess að ræða byggðamálin.

Frummælendur verða **Vífill Karlsson** lektor við Háskólann á Akureyri og **Neil Shiran Pórisson** verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Fundarstjóri **Birna Lárusdóttir**.

Mætum og eigum áhugavert samtal um mikilvæg mál, yfir morgunverði og rjúkandi kaffi.

Sjálfstæðisflokkurinn
í Norðvesturkjördæmi

XD

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga.

Hvað þýðir það nákvæmlega?

Í tólfta sinn eru viðskiptavinir TM ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga samkvæmt íslensku ánægjuvuginni 2012. Ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur jafn oft hlotið þennan heiður og það þökkum við góðu og traustu sambandi við viðskiptavini okkar.

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM, sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

Í fyrsta lagi er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykilatriði. Með réttri ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.



Í dag var venjulegur dagur.

Í öðru lagi er það hagur allra þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrir sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og því skipta góð viðbrögð öllu máli.

Á afhverju.tm.is getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

Í þriðja lagi getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikil vægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.



99 00 01 02 03 04 05 06 07 08 09 10 11 12

Á síðustu 14 árum hefur TM verið 12 sinnum með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Það er stefna TM að byggja langtíma-samband við okkar viðskiptavini með traustu og öflugu samstarfi.

Ef eitthvað kemur fyrir, þá viltu vera hjá TM.





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is
Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Þetta er orðið þreytandi

Samningur fjármálaráðherra og formanns borgarráðs um kaup borgarinnar á tilteknum skika í eigu ríkisins á flugvallarsvæðinu, kom af stað flóðbylgju, að mestu endurteknu efni, um drauminn um flutning flugvallarins úr Vatnsmyrinni á Hólmsheiði, sem lengst af hefur talist til óbyggða, eða allt þar til það snjallræði dúnkaði upp í kollum ráðamanna, að þar yrðu ólámsmenn framtíðarinnar best geymdir í einangrun, fjarri skarkala og amstri daglegs lífs.

Að pólitískum hætti greinir stórnámamenn á um téðan samning, þótt margir þeirra hafi með einum eða öðrum hætti komið að málinu á fyrri stigum. Vardandi flugvöllinn lúta niðurstöður rannsókna að tæknilegum þáttum, eins og veðurfari og fjarlægð frá fjöllum, svo dæmi séu nefnd, flestar á einn veg: Flugvöllurinn er betur kominn í Vatnsmyrinni.

Hvað sem öllu líður hefur orahrifin að þessu sinni ekki skilað neinu til lausnar málsins. Eitt innlegg í umræðuna er þó rétt að staldra við. Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur, skrifar grein í Fréttablaðið 25. mars s.l. og spyr meðal annars: „Snýst málið um flugvöll? Snýst það um vald? Snýst það um sanngirni? Snýst málið um að Reykvíkingar skuli greiða „landsbyggðinni“ eitthvert gjald fyrir það hversu mikið aðdráttarafl borgin hafði á síðustu öld og hversu mörgu góðu fólki fámenn byggðarlög máttu sjá á eftir til Reykjavíkur?“

Ótal spurningar og vangaveltur Guðmundar Andra verða hér látnar liggja á milli hluta. Vegna þeirrar síðustu, um gjaldheimtu landsbyggðarinnar á hendur Reykvíkingum, skal spurt: Stendur rithöfundurinn í þeirri trú að „aðdráttarafl“, eins og hann orðar það, hafi sjálfkrafa orðið til í höfuðstaðnum? Hafi sjálfkrafa sprottið þar upp líkt og hver annar gróður. Ætli þurfi langa leit til að átta sig á því að fyrst og síðast voru það stjórnsvaldsaðgerðir, sem réðu ferðinni. Og í gegnum tíðina hefur sýnt sig að ekki lá embættismannaklíkan á liði sínu. ALLT - stórt sem smátt - skyldi vera í höfuðstaðnum.

Nýlegt dæmi: Ríkisstjórn Íslands naut einróma samþykktar Alþingis um stofnun prófessorsembættis, tengt nafni Jóns Sigurðssonar, og í hátíðarræðu á Hrafnseyri 17. júní 2011, sagði forsætisráðherra: „Sá sem gegna mun stöðunni skal hafa fasta búsetu á Ísafirði eða nágrenni.“ Orð forsætisráðherra og samþykkt Alþingis voru að engu höfð. Ríkisstjórnin og Alþingi laut í duftið. Prófessorinn situr í Reykjavík! Annað ekki samboðið þótti ekki samboðið! Guðmundur Andri: „Aðdráttaraflinu“ VAR og ER handstýrt. NEI, landsbyggðafólk krefst ekki bóta. Sanngirni er hins vegar hugtak því að skapi.

Vestfirðingar eru ýmsu vanir, en þetta er orðið þreytandi. s.h.

Spurning vikunnar

Hvar vilt þú hafa framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar

Alls svöruðu 1.081.

Í Vatnsmyrinni sögðu 1000 eða 93%

Á Hólmsheiði sögðu 10 eða 1%

Á Keflavíkurflugvelli sögðu 56 eða 5%

Annar staðar sögðu 15 eða 1%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Fólk festir rætur á Ísafirði

„Fasteignamarkaðurinn er búinn að vera tiltölulega stöðugur síðastliðið ár og þokkaleg sala á eignum. Það hefur verið meiri sala í einbýlishúsum en minni sala í stærri íbúðum. Það er fólk á aldrinum 25-40 ára sem kaupir helst íbúðir. Það er lítið um að fólk sé að stækka við sig, það má segja að fólk fari beint í að kaupa sér einbýlishús í staðinn fyrir að kaupa íbúð og stækka við sig seinna. Það eru stærri eignir sem seljast betur,“ segir Guðmundur Óli Tryggvason, fasteignasali á Ísafirði, en svo virðist sem fólk sé að fjárfesta í íbúðarhúsnæði á

svæðinu um þessar mundir. Helsta hreyfingin á markaðnum er á Ísafirði að sögn Guðmundar Óla en töluverður kippur var á markaðnum í Bolungarvík í haust.

Fjöldi skráðra íbúa í Ísafjarðarbæ var sá sami við lok árs 2012 og hann var árið 2011, eða 3.750. Er þetta í fyrsta sinn í mörg ár sem íbúum fækka ekki í Ísafjarðarbæ. Um er að ræða mikinn viðsnúning frá árunum 1990-2008 þegar íbúum fækkaði um 19%. Íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað jafnt og þétt undanfarin ár, en þeim fækkaði um 130 á

milli árunum 2010 og 2011. Fólksflótti frá sveitarfélaginu hófst því löngu fyrir hrun, en á milli árunum 2006 og 2007 fækkaði íbúum um 135. Sömu sögu er að segja um Vestfirði í heild. Íbúum á Vestfirðum fjölgaði hins vegar á síðasta ári samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Miðað við stöðugan fjölda íbúa Ísafjarðarbæjar og fjölgun á Vestfirðum ásamt sölu fasteigna á svæðinu má ætla að fólk sé að festa rætur á Vestfirðum. Fólk á barneignaraldri festir kaup á fasteignum og fjöldi skráðra íbúa eykst eða stendur í stað.

Skipverjar fengu tófu á línuna

„Þegar við drögum upp línuna út af Skálavík kom þessi myndarlega tófa í bátinn. Hún var dauð enda gat hún ekki haldið niðri í sér andanum,“ segir Guðjón Ingólfsson háseti á línubátnum Einari Hálfðáns ÍS frá Bolungarvík, en skipverjar fengu tófu á

línuna þegar skipið var við veiðar út af Skálavík fyrir stuttu.

Guðjón og Pétur Jónsson skipstjóri vita ekki til þess að tófa hafi áður komið á línuna, en Guðjón telur líklegt að hún hafi lent í snjóflóði og farið þaðan út í sjó. „Hún hefur líklega ekki

gengið í sjóinn,“ segir Guðjón léttur í bragði. „Veiðiferðin gekk annars ágætlega. Við veiddum af steinbít og þessa einu tófu,“ segir Guðjón, en tófan kræktist á línuna í drætti um tveir sjómílar frá landi. Skipverjarnir náðu ekki mynd af tófunni.

Féll fimm metra ofan í sandsíló

Björgunarsveitir frá Ísafirði og Hnífsdal voru kallaðar út aðfararnótt laugardags til að aðstoða sjúkralið við að ná manni upp úr sandsíló í við steypustöðina í bænum. Hafði hann fallið um 5 metra ofan í gryfjuna. Verkið reyndist nokkuð umfangsmikið og töluverðan búnað þurfti til að hægt væri að síga niður í sílónið þar sem búið var um manninn.

Þegar kom að því að hífa hann

upp fyrir brúnina þurfti aðstoð kranabíls. Verkið tók því hátt í tvo tíma og tóku um 20 björgunarsveitarmenn þátt. Í tilkynningu frá Landsbjörgu segir að maðurinn, sem var gestur á hátíðinni Aldrei fór ég suður, hafi gefið þær upplýsingar um ferðir sínar að hann hafi verið að leita leiðar að bakdyrum tónleikastaðarins þegar hann féll. Ætlaði hann reyna að hitta á Fjallabráður bak-

sviðs og fá eiginhandarátanir.

Fjallabráður voru á sviði um klukkan 22:00 en maðurinn rankaði við sér og hringdi eftir aðstoð á fjórða tímanum um nóttina. Hann hefur því legið í töluverðan tíma í sílóinu. Þegar komið var að reyndist hann töluvert hrufaður eftir fallið en óbrotinn. Hann mætti síðan eins og ekkert hefði í skorist á tónleikana á laugardagskvöldinu.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Gott verð í Bónus

Prótein, froosh og smoothie

Gerðu þinn orkudrykk heima!



Gott úrval af frosnum ávöxtum í Bónus



FROSINIR
MANGÓBITAR 1 kg
498 KR.



FROSIN
JARÐARBER 1.2 kg
459 KR.



FROSINIR
ANANASBITAR 1 kg
498 KR.



QNT 500 ml
PROTEINDRYKKIR
398 KR.



DR. ANTONIO
COCO KÓKOSVATN 500ml
398 KR.



HIMNESK HOLLUSTA
CHIA FRÆ 200gr
698 KR.



frósh fruit: bottled FROOSH ÁVAXTA-ORKUDRYKKIR 250ml
298 KR.

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Gefa landsbyggðinni fingurinn

„Það er verið að gefa landsbyggðinni fingurinn, það er ekkert flóknara“ segir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga um samkomulag Reykjavíkurborgar og ríkisins um kaup á landi ríkisins í Skerjafirði. Með samningnum er ljóst að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni verður fluttur og gerir því íbúum af landsbyggðinni erfiðara um vik að sækja þá þjónustu sem er til staðar í höfuðborginni. Albertína segir Reykjavík ekki sinna starfi sínu sem höfuðborg alls landsins með

þessari framkomu. „Maður upplifir þetta þannig að borgaryfirvöld hafi engan áhuga á því að Reykjavík sé höfuðborg.“

Albertína tekur samgöngumál í öðrum löndum sem dæmi. „Ef horft er til helstu stórborga, t.d. London, þá er þar ekki lítið landsvæði sem fer undir járnbrautarteina og lestarstöðvar til að þjónusta þá sem eru fyrir utan borgina,“ segir Albertína. „Í rauninni eru borgaryfirvöld að segja að þau hafi engan áhuga á því að sinna þessari þjónustu og Reykjavík eigi bara að hugsa um sig

sjálf. Sem höfuðborg á Reykjavík að stuðla að greiðum samskiptum til og frá borginni,“ segir Albertína sem telur að samkomulag ríkisins og Reykjavíkurborgar vinni ekki að heildarhagsmunum landsmanna.

Í samningnum felst að Reykjavíkurborg kaupir land ríkisins, alls um 112.000 fermetra svæði. Gera má ráð fyrir að allt að 800 íbúðir geti risið á byggingarlandinu. Albertínu finnst það skjóta skökku við að aðal samgöngumiðstöð höfuðborgarinnar og tenging hennar við landsbyggð-

ina eigi að víkja fyrir íbúahúsnæði. „Það er ekki eins og það skorti byggingarland né húsnæði yfirhöfuð í Reykjavík.“

Albertína nefnir staðsetningu flugvallarins sem eitt mikilvægasta samgöngumálið fyrir íbúa á landsbyggðinni. „Á föstudaginn get ég farið suður með síðari vél frá Ísafirði þar sem ég þarf að sinna erindum í ekki meira en 15 mínútna fjarlægð frá flugvelli. Ef flugvöllurinn verður færður upp á Hólmsheiði, svo dæmi sé tekið, er ljóst að ég þyrfti að gista. Nálægð flugvallarins

við þjónustustöðvar sem allir landsmenn eiga aðgang að er eitt mikilvægasta málið í þessari umræðu og ef fram heldur sem horfir er ljóst að flytja þyrfti þessa þjónustu úr höfuðborginni, kannski það sé bara málið?“, segir Albertína.

Samkomulag ríkisstjórnarinnar og borgaryfirvalda um að reisa byggð í Vatnsmýrinni hefur fengið nokkra gagnrýni úr þingheimi. M.a. sagði Höskuldur Þórhallson þingmaður Sjálfstæðisflokksins að um stríðsýrflýsingu við landsbyggðina væri að ræða.



Fjöldmenn var á skíðasvæðinu í Tungudal um páskana. Ljós: Benedikt Hermannsson.

„Bestu páskar í áraraðir“

Skíðavikan á Ísafirði fór slyslaus og vel fram. Fjölbreytt skemmtidagskrá var í boði fyrir

alla fjölskylduna ásamt því að brekkurnar voru opnar og í besta standi. „Þetta voru bestu páskar í

áraraðir og jafnvel áratugi. Veðurfarslega séð var þetta frábært, á föstudaginn langa var veðrið síst. Ætli það hafi ekki verið um 1.300 manns á laugardegnum, sem er metaðsók. Hina dagana voru um 1000 manns á svæðinu. Það voru engin stórslys á fólki og það er alltaf fyrir öllu. Það

gekk allt ljómandi vel hérna, hefði varla getað orðið betra. Allar brekkur voru opnar og sumar sem hafa ekki verið opnar í langan tíma,“ segir Gautur Ívar Halldórsson, umsjónarmaður skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar.

Skíðavikan er nauðsynlegur hluti af páskahátíð marga Íslend-

inga sem leggja leið sína vestur yfir hátíðina til að skella sér á skíði. Á kaffihúsinu Bræðraborg var ljósmyndasýning með myndum frá liðnum skíðavikum en skíðavikan á sér langa sögu á Ísafirði og hefur verið haldin samfleytt í 79 skipti, eða frá árinu 1935. – hordur@bb.is



Bréfberi

Óskum eftir að ráða bréfbera í 75% starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Allar nánari upplýsingar gefur stöðvarstjóri í síma 456 5103.

Aðalfundur

Aðalfundur Félags eldri borgara á Ísafirði verður haldinn föstudaginn 12. apríl kl. 14:00 í félagsheimilinu Nausti, Hlíf, Ísafirði.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Frjálssar umræður.

Kaffiveitingar.

Stjórnin.

Vélsleðaslys í Þjófaskörðum

Björgunarsveitir frá Ísafirði og Hnífsdal voru kallaðar út síðdegis á laugardag til að sækja slasaðan vélsleðamann í Þjófaskörðum, fjallgarðinum milli Hnífsdals og Tungudals. „Við fórum og sóttum hann upp í Þjófaskarð. Hann var með bakáverka og rispaður á andliti. Hann virðist hafa keyrt á stein og kastast af sleðanum þegar hann kom upp á brúnina. Hann fór alveg upp á brún svo við slökuðum honum um það bil 200 metra niður í línu. Hann var svo fluttur í sjúkrabíl á Seljalandsdal þaðan sem farið var með hann á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði,“ segir Ari Kristinn Jóhannsson, formaður Björgunarfélags Ísafjarðar. Maðurinn var í miklum bratta og



Björgunarfélag Ísafjarðar sótti slasaðan mann eftir vélsleðaslys í Þjófaskörðum á laugardag.

því var nauðsynlegt að láta hann síga í línu, að sögn Ara.

Maðurinn fékk áverka á hrygg og er rúmliggjandi vegna þess.

Batahorfur eru góðar, að sögn Arnar Ingasonar, læknis hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

– hordur@bb.is

Byggðakvóta Ísafjarðarbæjar verði úthlutað til vinnslunnar

„Þessi byggðakvótamál eru svolítið flókin. Við sendum bréf til Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra á Ísafirði. Það var beiðni til yfirvalda um að horfa svolítið til upprunalegs tilgangs byggðakvótans við úthlutun hans, aukinnar atvinnuuppbyggingar í byggðarlögunum. Það þarf að horfa á það þegar úthlutun fer fram. Þetta var ekki gagnrýni sem var beint til Ísafjarðarbæjar, en áskorun til yfirvalda að efla atvinnu á svæðinu,“ segir Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri fiskvinnslunnar Arctic Odda á Flateyri. Hann sér ekki fram á að sá tilgangur náist nema kvótanum sé úthlutað til vinnslunnar í stað þess að úthlutað sé til báta.

„Við þurfum að hugsa út í tilgang byggðakvótans, að efla atvinnu í þeim byggðakjörnum sem hafa orðið illa úti við skerðingu

kvóta. Við þurfum að þora að líta í eigin barm og athuga hvort verið sé að vinna aflann lítið, og jafnvel senda hann í burtu,“ segir Sigurður. Ekki er mikil eftirfylgni við þessa hluti, að sögn Sigurðar, en það vandamál yrði sjálfleyst ef fiskvinnslur á landsbyggðinni fengu kvótann. „Það eru þeirra hagsmunir að vinna aflann sem mest. Ef menn vilja komast hjá því að fara eftir reglunum, þá gera þeir það. Ef kvótinn væri í höndum þeirra sem hafa hagsmuni af því að efla atvinnu myndi þetta skila sér á réttan stað,“ segir Sigurður.

Ekki er úthlutað byggðakvóta til útgerðar nema viðkomandi útgerð sýni fram á vinnslusamning við fiskvinnslu í landi, en vinnsla er teygjanlegt hugtak að mati Sigurðar. „Ef fiskur er settur í gám og sendur í burtu eru hausar ekki

þurrkaðir eða unnið í marning. Er verið að horfa til heildar hagsmuna bæjarfélagsins? Er verið að koma hryggjunum áfram til vinnslu innanbæjar? Þetta skiptir líka máli. Við erum í góðu samstarfi við Klofning á Suðureyri, sem sér um vinnslu á aukaafurðum. Það væri gaman að vita hvert allar aukaafurðir skila sér innan byggðarlagsins. Við erum ekki að væla yfir því að fá ekki rétta úthlutun, kerfið sem slíkt er rangt. Það er ekki úthlutað til þeirra sem hafa hagsmuni af því að efla atvinnu á staðnum,“ segir Sigurður.

Arctic Oddi fékk úthlutaðan byggðakvóta, þótt ekki hafi hann verið mikill, en sá bátur sem þeir voru með í útgerð var bilaður stóran hluta síðasta árs. Ekki er tekið tillit til slíks. En fyrirtækið er með á fjórða tug starfsmanna



Sigurður Pétursson.

sem byggir allt sitt á því að nóg hráefni fái til vinnslu, að sögn Sigurðar.

„Okkur gengur vel þegar við erum í silungnum, en það hefur verið erfiðara á þeim tímum sem við erum ekki að vinna eldisfisk. Það gerir okkur erfiðara fyrir að hafa minni aðgang að hráefni. Þetta snýst ekki um litla úthlutun

til okkar báts, heldur að menn endurskoði úthlutunina í heild. Það er vinnslan sem tryggir að unnið verði úr aflanum og að atvinna verði á svæðinu. Þá þarf ekkert eftirlit, sem hefur sýnt sig að virkar ekki sem skyldi, og markmið byggðakvótans nást,“ segir Sigurður.

– hordur@bb.is

Eldri borgarar flytja inn í sumar

„Þetta er að klárast hjá okkur og við stefnum að því að fyrstu íbúarnir flytji inn um mánaðarmótin maí júní,“ segir Valdimar Lúðvík Gíslason sérleyfishafi í Bolungarvík, en hann er í forsvari fyrir byggingarfélag eldri borgara í Bolungarvík sem byggir nú 10 íbúðir í miðbæ Bolungarvíkur. Íbúðirnar eru í norðurálmu Hvíta hússins svokallaða, en þar eru fyrir fjórtán eldri borgara íbúðir. Allar íbúðirnar hafa þegar verið

seldar og eru að mestu frágengnar. Upphaflega var gert ráð fyrir því að 15 íbúðir myndu rísa í húsinu, en Bolungarvíkurkaupstaður óskaði eftir kaupum á neðstu hæðinni síðastliðið haust og á hæðin að marka fyrsta áfanga í gerð nýs hjúkrunarheimilis í Bolungarvík.

Samningar milli eldri borgara og Bolungarvíkurkaupstaðar um kaupverð á hæðinni hafa þó ekki enn náðst og því er óvíst hvort



Valdimar Lúðvík Gíslason er í forsvari fyrir byggingarfélag eldri borgara í Bolungarvík.

eða hvenær af kaupunum verður. Að sögn Valdimars er það því enn á áætlun byggingarfélags eldri borgara í Bolungarvík að reisa 15 íbúðir. Byggingarfélagið hefur gert bænum gagntilboð sem bíður svars. Íbúðirnar sem um ræðir eru 70 og 90 fermetrar að stærð. „Fjórar þeirra eru 90m² og sex

þeirra eru 70m². Til viðbótar er sólstofa í hverri íbúð,“ segir Valdimar og bætir því við lítið sé eftir af framkvæmdunum. Einingis eigi eftir að setja upp miðstöð og klára innréttingar.

„Það á eftir að setja upp tréverkið. Trésmiðja Ísafjarðar sér um allar innréttingar fyrir utan

parketlög,“ segir Valdimar, en áhersla var lögð á að heimamenn sæju um alla vinnu við gerð hússins. Vestfirskir verktakar sáu um að reisa húsið og fórst það vel úr hendi að sögn Valdimars. „Þeir stóðu sig afar vel.“ Sem fyrr segir hafa 10 íbúðir selst en að sögn Valdimars.

Forinnritun hafin í MÍ

Forinnritun nýnema er hafinn í Menntaskólanum á Ísafirði og stendur hún til 12. apríl. Innritunin er sérstaklega ætluð nemendum í 10. bekk, en nemendur geta gert breytingar á umsókn sinni á tímabilinu frá 4. maí til 10. júní. Að sögn Hildar Halldórsdóttur er þetta í þriðja sinn sem forinnritun af þessu tagi á sér stað en hún er gerð að undirlagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. „Það gerir í raun ekkert til þótt krakkarnir sækji ekki um á þessum tíma, ef þeir gera það í maí eða júní. Þetta er einfaldlega gert svo skólarnir hafi betri yfirsýn yfir þann fjölda nýnema sem hyggst hefja nám að hausti,“ segir

Hildur.

Hildur bætir því við að þótt skólar á höfuðborgarsvæðinu þurfi að hafna nemendum sem sækja um skólavist vegna fjölda-takmarkanna, sé nóg pláss í Menntaskólanum á Ísafirði. „Við höfum fengið nærri því alla nýnema á norðanverðum Vestfjörðum til okkar á undanförunum árum. Hér er nóg pláss og því þurfa nemendur ekki að hafa áhyggjur af því að þeim verði synjað um skólavist á þessum forsendum,“ segir Hildur.

Nemendur sem eru fæddir 1996 eða fyrr og vilja hefja nám í MÍ að hausti geta innritað sig á tímabilinu 1. maí til 31. maí.

Íbúum með erlent ríkisfang fjölgar

Íbúum með erlent ríkisfang fjölgar milli ára í Ísafjarðarbæ þrátt fyrir að fækkun hafi orðið í sveitarfélaginu. Alls bjuggu 369 íbúar með erlent ríkisfang í Ísafjarðarbæ í upphafi árs 2013 en 357 í upphafi síðasta árs. 3.748 íbúar bjuggu í sveitarfélaginu þann 1. janúar síðastliðinn, en 3.755 á sama tíma

í fyrra. Hafa ber í huga að þessi íbúafækkun á við um sveitarfélagið allt.

Íbúum með erlent ríkisfang fjölgar einnig milli ára í Bolungarvík og í Vesturbyggð, en þar fjölgaði íbúum einnig. Í upphafi árs 2013 bjuggu 917 manns í Bolungarvík og þar af 115 einstaklingar með erlent ríkisfang.

Við upphaf árs 2013 bjuggu 889 manns í Bolungarvík og þar af 98 manns með erlent ríkisfang. Í Vesturbyggð bjó 941 einstaklingur við upphaf árs 2013 og þar af 110 manns með erlent ríkisfang. Við upphaf síðasta árs bjuggu 910 manns í Vesturbyggð og þar af 99 íbúar með erlent ríkisfang.



**Elfar Logi og Ómar
Már Jónsson sveitastjóri
Súðavíkurhrepps við
undirskriftina.**

Súðavík styrkir Kómedíuleikhúsið

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði og Súðavíkurhreppur undirrituðu fyrir páska með sér verkefnasamning. Samkvæmt samningnum kaupir hreppurinn verkefni sem tengjast leiksýningum fyrir grunn- og leikskóla, uppsetningu leikpátta í Melrakkasetri Íslands í Súðavík í tengslum við Blá-

berjadaga og fyrir svokallaða Miðdalshátíð sem haldin verður um verslunarmannahelgina í Heydal í Mjóafirði. „Maður er nú alltaf að leita leiða til að styrkja stöðir þessa litla atvinnuleikhúss. Við undirrituðum sams konar samning við Ísafjarðarbæ fyrir nokkrum árum en vildi ég færa

út kvíarnar og sendi því nokkrum sveitarfélögum bréf þess efnis. Súðvíkingar voru fyrstir til að riða á vaðið og þeir hjálpa okkur sannarlega í rekstri þessa eina atvinnuleikhúss á Vestfjörðum,“ segir Elfar Logi Hannesson.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að Kómedíuleikhúsið heim-

sæki Súðavíkurskóla og setji þar upp sýningar, ásamt því að setja upp aðra leikþætti í sveitarfélaginu. „Við höfum verið að vinna sum af þessum verkefnum fyrir Súðavík en það er gott að þetta sé komið á pappír og það tryggir okkur fjárhagslega,“ segir Elfar Logi. Samningurinn er til eins

árs. „Vonandi verður hann endurnýjaður í framhaldi af því. Þetta er gleðidagur og vonandi munu fleiri hoppa á lestina. Því fleiri samningar sem eru gerðir því meiri von eigum við á betri samningum. Nú er allavega búið að tryggja að æska Súðavíkur kynnist leikhúsinu,“ segir Elfar Logi.

„Þarf að vera ung og lagleg og kunna til verka“

„Menn finna mjög til þess að hjúkrunarkonu hefur sárlega vantað í Dýrafjörð síðustu ár. Kemur þar margt til sem ástæðulaust er að rökstyðja nánar. Áður fyrr voru bæði lækni og hjúkrunarkona á Þingeyri. Nú hvorugt og varla til sárabindi eða önnur tæki til fyrstu hjálpar á staðnum. Læknar koma einu sinni í viku

frá Ísafirði og hjúkrunarkonur stundum oftar. Ber að þakka það, en ekkert kemur í staðinn fyrir fasta búsetu,“ segir Hallgrímur Sveinsson ritstjóri á Þingeyri í samtali við blaðið. Hallgrímur er ósáttur við það að íbúar á Þingeyri sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda þurfi að sækja hana til Ísafjarðar, eða bíða eftir vikulegri

heimsókn heilbrigðisstarfsfólks. Gárungar á Þingeyri hafa því brugðið á það ráð að skipa sérstaka hjúkrunarkonunefnd.

„Grasrótin hefur nú skipað þrjá menn í hjúkrunarkonunefnd. Eiga þeir að útvega hjúkrunarkonu til Dýrafjarðar eins og nafnið bendir til, hvað sem tautar og raular,“ segir Hallgrímur í nefnd-

inni eru þeir Bjarni Georg Einarsson fyrrum útgerðarstjóri, Gunnar Sigurðsson í Hlíð og Hallgrímur sjálfur. Gárungarnir segja að hjúkrunarkonan eigi bæði að vera ung og lagleg, og kunna til verka. „Ef hana vantar mann segja þeir að Hjónabandsráðgjöf og greiðsluþjónusta Hemma og Hallgríms ehf. muni sjá um það

mál. Segja lausafréttir að þeir félagar í hjúkrunarkonunefndinni vinni á fullu í málinu og hafi rætt við ráðherra og aðra ráðamenn, en einungis strandi á fjárveitingunni,“ segir Hallgrímur Sveinsson á Þingeyri léttur í lund að vanda og bendir á að full alvara fylgi máli sínu.

– gudmundur@bb.is

Aldrei fór ég suður

Páskar eru að baki og vorið framundan, einn besti tími ársins. Því fylgja vonir með hækkingu sólar, vonir um gott og gefandi sumar. Um páska er haldin tónlistarhátíðin „Aldrei fór ég suður“. Hún hefur unnið sér sess og er órjúfanlega tengd Ísafirði og Vestfjörðum. Það fer að teljast öllum merkari tónlistarmönnum nauðsyn í ferilskránni, að hafa komið fram á hátíðinni. Hún dregur fólk að Ísafirði og gefur staðnum ásamt skíðavíkunni sérstakan blá og hækkan stig menningar á Vestfjörðum. Það sem meira er. Hátíðin hefur aukið veg og virðingu tónlistar sem kennd er við alþýðu. Þannig hefur hún átt sinn þátt í því að afmá mörk milli einstakra stefna í tónlist og gert tónlist yfirleitt herra undir höfði, en hefði hennar ekki notið við. Fólk sem ella hefði ekki lagt leið sína til okkar gerir það og fer heim með góðar minningar um tónlist, Ísafjörð og Vestfirði. Við eignumst vini með jákvætt viðhorf í okkar garð. Mikils er um vert að svo sé.

En hverjir eru þeir sem aldrei hafa farið suður frá Vestfjörðum? Svo slegið sé á léttari strengi má gera ráð fyrir því að þeir hvíli í kirkjugördum hér vestra. Fáir núlifandi íbúar Vestfjarða hafa ekki komið í önnur héruð séu þeir komnir af barns-

aldri. En því miður höfum við misst of marga suður. Fólk hefur séð sig knúð til að leita annað ýmissa ástæðna vegna. Þótt ætlanin hafi verið að dvelja skamman tíma meðan á námi stóð eða af öðrum osrökum hefur dvölin dregist á langinn. Eitt hið mikilvægasta er að fá fólk til að snúa heim að námi loknu. Frá því um 1980, á rúmlega 30 ára tímabili, hafa 3500 manns farið suður umfram þá sem til baka hafa snúið eða fæðst inn á Vestfirði. Efnahagslæðin djúpa sem staðið hefur um fjögurra ára skeið virðist ekki hafa dregið úr fólksfækkun. Nýja hugsun vantar. Lausnir virðast ekki í auglýsingu. Atvinnu skortir og ný tækifæri. Þó virðast mikil tækifæri hér. Vegið er að sjávarútvegi. Flug og ferðaþjónusta býr við háa og hækkingu skatta. Til að Vestfirðingar nái vopnum sínum á ný þarf ríkið að lina á skattaklónni.

Verði það ekki gert má búast við því að fyrirsögn þessa greinarkorns stangist algerlega á við raunveruleikann, því allir séu farnir eða hugsi um það. Það er stolt fólgið í heiti hátíðarinnar. Vísað er til þess að fólk geti þrífist á Vestfjörðum og vilji það. Engum dettur í hug að taka upp einangrunarstefnu. En til þess að byggð þrífist á Íslandi um ókomna tíð er brýnt að fólki sé ekki sniðinn og þröngur stakkur. Of mikil afskipti kalla á eynd.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Verkjastillandi + bólgueyðandi

Veldur síður lyfjaáhrifum um
allan líkamann eins og þegar
töflur eru teknar inn



Voltaren 

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af dklófenakvítýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsl í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalísýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalísýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunar svæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ





Allir glaðir á Aldrei fór ég suður

Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, var haldin í tíunda skipti á Ísafirði um páskahelgina með mikilli viðhöfn og sóma. Mikill fjöldi gesta sótti hátíðina að þessu sinni og var bærin fullur af fólki sem skemmti sér vel við tónleikahald yfir helgina. „Þetta var rosa fínt. Þetta gekk allt áfallalaust fyrir sig og við höldum að um 5000 manns hafi verið á svæðinu þegar mest var. Það sem stendur upp úr er hvað allir voru glaðir. Það var frábært hvernig Jónas Sigurðsson og Lúðrasveit Ísafjarðar enduðu hátíðina,“ segir Jón Þór Þorleifsson, rokkstjóri

hátíðarinnar.

Örn Elías Guðmundsson, einnig þekktur sem Mugison, setti hátíðina með hörku gíggi og síðan kom hver listamaðurinn á fætur öðrum og óhætt er að tala um sannkallaða tónlistarveislu bæði á föstudags- og laugardagskvöld. Meðal annara listamanna sem komu fram voru Bubbi Morthens, Jónas Sigurðsson, Langi Seli og Skuggarnir, Ragga Gísla og Fjallabræður, Dolby, Stafrænn Hákon og fleiri góðir flytjendur. Hátíðin þótti takast vel og fór vel fram í alla staði eins og sést á meðfylgjandi myndum.



FÓLK VIÐ LEIK OG STÖRF

Hafdis Sturlaugsdóttir landnýtingarfræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða segir frá degi í lífi sínu

Miður morgunn

Vaknaði eins og vanalega við veðurfréttirnar í útvarpinu kl. 6:40. Sturta og morgunmatur, sem að þessu sinni var AB-mjólk með heima-gerðu músli. Síðan tók ég til nesti til að fara með í vinnuna. Ég varð líka að taka til útföt þar sem stóð til að fara yfir í Reykhólasveit og hitta Margrét Hallmundsdóttur, fornleifafræðing hjá Náttúrustofu Vestfjarða og aðstoða hana.

Við mæðgurnar, Þorbjörg Matthíasdóttir dóttir mín og ég, fórum svo saman akandi

til Hólmavíkur en hún vinnur í Grunnskólanum þar. Ég fór niður á Þróunarsetur á Hólmavík þar sem skrifstofan mín er. Ég byrjaði á að fara í gegnum tölvupóstin þar sem ég var ekki í vinnu í gær hafði aðeins hlaðið upp póstur. Starfsmenn Þróunarsetursins eru að skipuleggja Litlu-Jólin hér innanhúss en þá leggjum við öll eitthvað á hlaðborð og borðum saman í hádeginu. Ég sá á póstinum að skipulagningin er svo til búin og bara biðin eftir.

Margrét fornleifafræðingur hringdi og sagði að vegna veðurs í Reykhólasveitinni breyttust áform hjá henni og þá þarf ég ekki að fara yfir og hjálpa henni. Ég kíkta aðeins á skýrslu sem ég á eftir að klára

um gróðurfar í veglínun frá Bjarkalundi að Melanesi en Margrét ætlaði að skoða eitthvað á þeirri leið sem hún átti eftir.

Dagmál

Starfið mitt er nokkuð fjölbreytt. Ég starfa aðallega við verk sem tengjast gróðri á einhvern hátt. Nú liggur fyrir hjá mér að klára skýrslur um lífmassamælingar í birkiskógi á sunnanverðum Vestfjörðum og gróðurfar vegna umhverfismats veggerðar. Veturinn nýttist í slíka vinnu þar sem þá er ekki hægt að fara út og skoða gróður á vettvangi. Stór partur af minni vinnu er gróðurkortagerð sem Náttúrustofan er að vinna í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Við er-

um þrjú hjá Náttúrustofunni sem vinnum við þetta verk, Hulda og Cristian í Bolungarvík auk mín. Starfið felst aðallega í að taka gamlar gróðurgreiningar (vettvangsvinnu) sem gerðar voru á árunum frá 1955 – 1981 og koma þeim gögnum yfir á starfrænt form. Gögnin sem við vinnum með eru miklu betri en voru þegar vettvangsvinnan fór fram og auðveldar það okkur vinnuna. Á undanförunum árum hefur lítið verið unnið af vettvangsvinnu vegna gróðurkortagerðar. Þó hefur verið farið á nokkur svæði og kortlagt á vettvangi og teiknað svo upp í tölvu að því loknu. Á Vestfjörðum er búið að teikna í tölvu svæðið frá Skálavík bak Bolungarvík, Bolungarvíkina, Óshlíðina, Hnífsdal og hluta af Skutulsfirði. Einnig er búið að teikna hluta af Steingrímsfirði sunnanverðum. Undanfarið ár hefur verksvið mitt að mestu verið í að yfirfara teikningar og leiðrétta það sem aðrir hafa teiknað. Sú vinna er hluti af vistgerðaflokkun á hálendi Íslands. Íslandi er skipt upp í reiti sem eru 20x20 km að stærð. Í dag var ég að vinna með reit 4737 sem heitir Laufafell og er suðaustur af Heklu. Ég nota forritið Microstation og hef loftmyndir af svæðinu sem ég er að vinna með auk þess að hafa innrauðar gervihnattarmyndir (Spot). Ég hef einnig aðgang að gömlum gróðurkortum sem búið er að hnitsetja á réttan stað, svo ég get skoðað þau í tölvunni. Ég byrja á því að teikna upp mun á

gróðri og gróðurlausum svæðum og síðan skipti ég gróður-svæðunum upp eftir gróðurflokkum. Gróðursvæðin skiptast í 16 flokka gróðurlenda og 102 undirflokkar. Sem dæmi um flokka er „mosagróður“ sem skiptist í 10 undirflokkar og „mýri“ sem er með 16 undirflokkar. Á innrauðu myndunum sést yfirleitt breytilegur litur eftir því hvaða gróður er á hverjum stað. Einnig þarf að taka tillit til þekju gróðurs þ.e. hvort það er algróið, 75%, 50% eða 25% þekja. Gróðurlausum svæðum er einnig skipt upp. Það eru áreyrar, leirur, grýtt land, melar og fleira. Það krefst nokkurrar þjálfunar að sjá mun á gróðurlendum á loftmyndum og innrauðum myndum en það kemur með tímanum. Þegar ég er að yfirfara eldri gögn þarf ég að kanna hvort línurnar séu ekki dregnar á réttum stöðum, hvort merkingar í reitum séu réttar, hvort gróðurþekjan sé rétt skráð. Miklar breytingar hafa orðið á gróðurþekju frá því að vettvangsvinnan var unnin fyrir 30-50 árum. Flestar breytingar eru í átt að meiri þekju og gróðri á stöðum þar sem áður var auðn.

Miðdegi

Á Þróunarsetrinu, þar sem skrifstofan mín er, eru 6 aðilar með skrifstofur. Það eru Menningarráð Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarðar, Sauðfjársetrið, Náttúrustofan og Sveitarfélagið Stranda-byggð. Auk þess er námsver í

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Sjúkraliði eða ófaglærður starfsmaður við aðhlynningu

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða óskar að ráða til sumarafleysinga í tvær stöður sjúkraliða eða ófaglærðra starfsmanna við aðhlynningu á legudeildum sjúkrahússins á Ísafirði. Um er að ræða 80-100% störf frá 1. júní til ágústloka 2013, eða eftir nánara samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi og stofnanasamningum. Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veitir Rannveig Björnsdóttir, deildarstjóri í síma 450 4500, netfang: rannveig@hvest.is eða Hörður Högnason, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 450 4500, netfang: hordur@hvest.is.

Sælkeri vikunnar eru Aðalheiður Óladóttir og Kristinn Einarsson á Ísafirði

Lúða í mango chutney sósu

Þessi uppskrift er í miklu uppáhaldi fjölskyldunnar.

Lúða í mango chutney sósu

700 g lúða eða annar góður fiskur
250 g rækjur
1 krukka mango chutney
1-3 tsk karrý (smekksatriði)
2 msk kóríander
2-3 hvítlauksgeirar
Grænmetis kraftur
Ca 300ml matreiðslurjómi
olía
Salt
Nýmalaður pipar
Hreinsið fiskinn og skerið í jafna bita. Setjið í pott mango chutney, karrý og rjóma og

hitið. Pressið hvítlaukinn og saxið kóríander og bætið út í maukið. Hitið olíu á pönnu, og steikið lúðuna í ca 1 mín. á hvorri hlið (fer eftir þykkt sneidarinnar) kryddið með salt og pipar.

Setjið fiskinn í eldfast mót og hellið sósunni yfir. Bakið í 10 mín. við 200°C. Eftir 8 mín takið mótið úr ofninum og stráðið rækjunum yfir og setjið í ofninn í 2 mín til viðbótar.

Mjög gott að bera fram með salati og brauðbollum.

Eplabaka í eftirrét

5-6 epli gul eða græn
150 gr súkkulaði brytjað
200 gr smjörlíki

3dl hveiti
3 dl sykur
2 tsk lyftiduft
2 tsk vanilludropar
2 egg
Mönduflögur+sykur

Eplin afhýdd, kjarnhreinsuð og skorin í bita. Smjörlíki brætt og sett í hrærivél ásamt þurrefnum og eggjum og hrært vel saman. Eplin sett í form, súkkulaði stráð yfir og síðan er deiginu smurt yfir. Mönduflögur og sykur stráð síðast yfir.

Bakað við 180°C í 30-35 mín
Mjög gott með ís eða rjóma.

Við skorum á hjónin Hörpu og Gauta að vera næstu sælkerar.



húsinu. Þegar allir mæta eru 11-12 manns í húsinu. Það eru ekki teknir formlegir kaffitímar en flestir fara saman í mat. Ég kem yfirleitt með nesti með mér. Í dag var ég með skyr og brauð með heima-reyktum laxi.

Þorbjörg kom eftir hádegisdag og tók bílinn þegar hún var búin að vinna. Ég fékk far með Jóni menningarfulltrúa heim þegar ég var búin um kl. 16. Það var mjög mikil hálka þar sem rigndi ofan á sveit. Þegar ég kom heim skráði ég í fjárhúsin en Matthías, maðurinn minn, var að setja fullorðins-númer í lömbin. Hann var nú eiginlega búinn þegar ég kom svo ég gat lítið hjálpað honum. Aftur á móti kom Ingvar þór 1 ½ árs, sonarsonur minn í heimsókn í fjárhúsin til að skoða kindurnar og amma þurfti að sýna honum hrútana og gefa þeim aðeins og annað sem tilheyrir þegar svona herra menn koma í heimsókn. Við erum með um 470 kindur á fóðrum í vetur. Matthías sér að mestu um kindurnar en ég hjálpa til þegar þarf og sé um bókhaldið sem þessu fylgir bæði kindabókhaldið og líka fjárhagsbókhaldið fyrir búið. Við erum einnig með kjötvinnslu. Þar vinnum við og seljum lambakjöt og ærkiöt, niður-



Hafðís í skógarreit sem geymir framtíðar jólatré fjölskyldunnar.

sagað eða meira unnið. Við framleiðum líka Lostalengjur sem er aðalbláberja legið og þurrkað ærkiöt.

Miðaftann

Ég fór í stuttan göngutúr með tikurnar okkar, Grímu og Ronju, niður í fjöru svona rétt til að hreyfa þær aðeins. Eftir að inn var komið fór ég að undirbúa mig fyrir hlaðborð á

Café Riis. Við hjónin mættum á ásamt góðum hópi úr Pró-unarsetrinu. Það var frábær matur eins og við var að búast. Það er bara þannig að Báru á Riis tekst að gera allan

mat góðan. Það var dansað eftir matinn en við vorum orðin þreytt og fórum fljótlega heim eftir mjög skemmtilega kvöldstund. Fór að sofa rétt eftir miðnætti.

MATSEÐILL

Smáréttir / forréttir / súpur
Súpa dagsins – spyrjið þjóninn.
Kr. 990.

Humar- og rækjusalat – rauðlaukur, fetaostur, furu- og pekanthnetur
Kr. 2.290.

Franskar kartöflur
1/1 skamtur kr 850 - 1/2 skamtur kr 550.

Samlokur / borgarar
Klukkulandsborgarinn – 120 gr borgari, gráðostur, beikon, sultaður rauðlaukur, franskar, sósa
Kr. 1.990.

120 gr. ostborgari með beikoni, salati, frönskum og sósu
Kr. 1.790.

Kjúklingaborgari með sýrðum rjóma og salsasósu, frönskum kartöflum, salati og sósu
Kr. 1.890.

Aðalréttir
Réttur dagsins – spurðu þjóninn
Kr. 1.990.

Sjávarréttapanna með rækju og caperssmjöri - 2 til 3 teg. af fiski með grænmeti og kartöflum.
Kr. 2.990.

Þönnusteiktur lambakótilettur með kryddsmjöri, frönskum kartöflum, salati og sósu.
Kr. 2.990.

Nautasteik að hætti franskra, franskar kartöflur, salat og sítrónu-kryddsmjör
Kr. 2.990.

Nautasteik að hætti enskra, franskar kartöflur, salat og þönnusteiktur laukur
Kr. 2.990.

MATSEÐILL

Rizzo Express Pizzur
Margarita – ostur, sósa
10" Kr. 1.650 / 14" kr. 1.850

Skinku pizza
10" Kr. 1.650 / 14" kr. 1.850

Pepperoni pizza
10" Kr. 1.650 / 14" kr. 1.850

Toscana - pepperoni, jalapeno, svartar ólífur, sveppir, ananas, hvítlaukur,origano, rjómaostur
10" Kr. 1.850 / 14" kr. 2.350

Island - Skinka, sveppir, ananas, rjómaostur, hvítlaukur
10" Kr. 1.850 / 14" kr. 2.350

Prima Donna - Beikon, pepperoni, skinka, rjómaostur, origano
10" Kr. 1.850 / 14" kr. 2.350

Mínum á pizzuhlaðborðið alla föstudaga kl 18-21

Fjölhæfur handboltapjálfari

HRINGIDAN

LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Ingvar Örn Ákason er tæplega þrítugur Vesturbæingur sem búið hefur á Ísafirði síðustu þrjú ár. Hann hefur verið yfirþjálfari handknattleiksdeildar Harðar frá 2010 en áður var hann framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar KR. Ingvar er fjölhæfur ungur maður og annast einnig ræðupjálfun, uppistand og veislustjórn, auk þess sem hann vinnur nú að útgáfu sinnar fyrstu bókar. Ingvar Örn settist niður með blaðamanni Bæjarins besta og ræddu þeir m.a. um handboltann, ræðulistina og Ísafjörð – og dálæti Ingvars á séra Magnúsi Erlingsyni sóknarpresti.

Ingvar Örn fæddist árið 1984 og er Vesturbæingur í húð og hár. Hann gekk í Grandaskóla og Hagaskóla og þaðan lá leið hans í

Verzlunarskóla Íslands. Eins og sönnnum Vesturbæingi sæmir er hann KR-ingur í húð og hár.

„Ég æfði fótbolta og borðtennis með KR sem barn og svo handbolta í 12 ár,“ segir Ingvar. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra handknattleiksdeildar KR einungis 21 árs gamall, auk þess sem hann gerðist yfirþjálfari deildarinnar. Eftir fimm ára starf hjá KR ákvað Ingvar að söðla um og flytja til Ísafjarðar. „Ég frétti að handknattleiksdeild Harðar væri að leita að yfirþjálfara og spurðist fyrir um stöðuna. Mig langaði að breyta til. Upphaflega stóð til að ég færi til Akureyrar en þegar Ísafjörður kom upp gat ég ekki sleppt tækifærinu.“

Ingvar segir jákvæð kynni hans af Ísafirði fyrir um vorið hafa spilað inn í þá ákvörðun að koma vestur. „Ég hafði verið með uppistand í Sólrisuviku Menntaskólans á Ísafirði og varð innlyksa á Ísafirði í fjóra daga. Þá kynntist ég fólkinu í bænum og fann hvað mér líkaði vel hérna,“ segir Ingvar Örn, sem sér ekki eftir ákvörðuninni að flytja vestur. „Þetta átti að vera tilraun til eins árs en nú eru þau orðin þrjú,“ segir hann og hlær.

Ingvari er greinilega margt til lista lagt og handbolti ekki hans eina sérgrein. „Ég hef verið með uppistand hér og þar síðan ég var í menntaskóla. Einnig hef ég sinnt veislustjórn og það er svo sannarlega markaður fyrir slíkt á Ísafirði. Ef maður er hress og skemmtilegur og ber sig eftir þessu, þá er nóg að gera. Ég haldið þessu við síðan ég kom til Ísafjarðar. Eftirminnilegasta skiptið var þó án efa þegar ég var kynnir á Ungfrú Vestfirðir árið 2011. Þá fékk ég tækifæri til að segja orðin... og ungfrú Vestfirðir er... og á eftir kom ungfrú Ísland stefið. Það var rosalegt.“

Auk þess að þjálfandi handbolta hefur Ingvar þjálfað ræðulið fyrir Morfís-keppnina. „Ég keppti tvisvar sinnum í Morfís fyrir Versló á sínum tíma og hef þjálfað fjóra eða fimm skóla síðan, nú síðast Menntaskólann á Ísafirði,“ segir Ingvar, en hann hefur þjálfað lið Mí síðastliðin tvö ár auk þess sem hann hefur haldið ræðunámsskeið fyrir nemendur. „Hátt í 30 nemendur hafa mætt á síðustu tvö ræðunámsskeið, sem segir mér að það sé vaxandi metnaður fyrir Morfís á Ísafirði. Einu sinni þurfti að pína

fólk til að taka þátt í Morfís en nú þarf að velja keppendur sérstaklega.“

Uppgangur í handboltanum á Ísafirði

Þegar Ingvar tók við starfi yfirþjálfara handknattleiksdeildar Harðar voru tvö ár frá því að deildin var vakin úr dvala. Segja má því að handboltinn á Ísafirði núna sé enn í sínum fæðingarhríðum. Ingvar segir þó að mikið vatn hafi runnið til sjávar á síðustu árum. „Það er gaman að fá að kynnast svona starfi frá grunni og vinna að því að móta hefð, þó að Hörður sé auðvitað tæplega hundrað ára gamalt félag,“

það er aldrei þannig að allir geti tekið þátt í öllum íþróttum og þetta væri vissulega erfiðara ef það væri sérstakt afreksstarf hjá Herði,“ segir Ingvar, en eins og fram kom heldur handknattleiksdeild Harðar ekki úti meistaraflokki. „Ég held að með góðu sam-

tali, samvinnu og samstarfi milli íþróttagreinanna sé hægt að láta þetta ganga upp þótt bæjarfélagið sé lítið.“

Aðspurður hvort það sé raunhæft að stofna meistaraflokkslið í handbolta á Ísafirði segir Ingvar það vera langtímamarkmið. „Þessar þælingar eru á byrjunarstigi en við erum byrjuð að ræða þessi mál. Það verður að fara skynsamlega af stað í þessum efnum. Kannski byrjum við í utandeld og sjáum svo til. Ef við náum að búa til metnaðarfullt plan, þá er aldrei að vita,“ segir Ingvar, en til þess að hægt sé að stofna meistaraflokk verður að halda

Stærð 1935
★ Ísafjarðarbið ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbið skemmtun.is

STÓRSKEMMTILEGT ÍSLENSKT GAMANDRAMA
ÓFÆIGUR gengur aftur
AUKASÝNINGAR
FIMMTUDAG KL 8 og SUNNUDAG KL 5

BEINT Á TOPPINN Í USA UM PASKAHELGJÓNA
GIJÖE
SÝND Í ROSALEGA FLOTTRI PRÍVIDU
FÖSTUDAG KL 8 og LAUGARDAG KL 8

SYND SEIN FJÓLSKYLDAN TAEKKI NISSA AF
THE CROODS 3D
STÓRKOSTLEGT 3D!!! SUNNUDAG KL 3

FRÁ SOMU OG GERDU BRIDGET JONES'S DIARY OG NOTTING HILL
I GIVE IT A YEAR
STELPUR!!!
TAKIÐ NÚ SÓFADYRIN
MED YKKUR Í BÍO
SUNNUDAG OG MÁNUDAG KL 8. ÁTH EKKI VERÐA AUKASÝNINGAR



segir Ingvar. En finnst honum að handboltinn sé búinn að festa rætur á Ísafirði?

„Ég myndi segja það. Handknattleiksdeildin telur í kringum 60 iðkendur og fjöldi flokka er stöðugur. Hér eru fjórir flokkir og við stefnum á að fjölga þeim á næstu árum. Það er vel mætt á leiki, hér eru þrír þjálfarar og þeir eru góðir,“ segir Ingvar, en Hörður sendir lið til keppni í sjötta, fimmta, fjórða og öðrum flokki auk þess sem eldri leikmenn taka þátt í bikarkeppni meistaraflokksliða.

„Við höfum náð mjög langt á stuttum tíma. Það er mikil jákvæðni í garð deildarinnar og allir eru tilbúnir að hjálpa. Hér er fyrir rík íþróttamenn-ing,“ segir Ingvar. Á Ísafirði búa innan við 3000 manns og því er ljóst að ekki eru eins margir iðkendur íþrótta eins og t.a.m. á höfuðborgarsvæðinu. Margar íþróttagreinar eru í boði en Ingvari finnst það ekki vera vandamál.

„Ég er þeirrar skoðunar að hér eigi að vera sem fjölbreyttust íþróttaflóra.“



leikmönnum eldri en 20 ára í bænum að sögn Ingvars.

Lífið fyrir vestan

Ingvar hefur búið á Ísafirði í þrjú ár. Aðspurður hvort hann sé sestur hér að endanlega segir hann svo ekki vera en það sé ekki hægt að útiloka neitt. „Ég hef alltaf sagt að á meðan mér líður vel og fólk er ánæggt með mig vil ég vera áfram. Ég á eftir að gera margt með krökkunum hjá Herði, ég vil t.d. fara til útlanda á æfingamót með liðið og mig langar að verða Íslandsmeistari sömuleiðis. Einnig vil ég láta reisa stytta af mér fyrir utan Torfnæs,“ segir Ingvar og hlær. „Þannig að ef þið viljið losna við mig, þá er um að gera að reisa stytta af mér.“

Eins og fram hefur komið Ingvari margt til lista lagt. Í ofanlag við ræðuhöld, uppi- stönd og handknattleikspjálf-

un er hann nú að skrifa bók. „Bókin er í raun endurminning- ar mínar. Þetta er ekki beint ævisaga en þetta er almúga- saga. Í bókinni reifa ég skemmti- legar sögur, atvik sem ég hef lent í og segi frá mörgum skemmtilegum einstakling- um,“ segir Ingvar, en bókin mun heita því sérkennilega nafni „Byssan gerir aldrei aldrei skyssan“. „Ég fékk viðurnefnið Byssan þegar ég var í Versló, og þessi vafasama setning var alltaf kölluð þegar ég fór í pontu í Morfis.“ Ingvar segist hafa rætt við nokkur útgáfufé- lög um útgáfu bókarinnar. „Það er jákvæður gangur í því. Ég stefni á að gefa bókina út á þrítugsafmælinu mínu 2014.“

Ingvar er búsettur í Múla- landinu og líkar það vel. „Ég kann vel við að vera svolítið fyrir utan miðbæinn. Það er einnig gott að labba þaðan á æfingar í Torfnæs. Einu skipti-

n sem mér líður illa þarna er þegar það er mjög mikill snjór í fjallinu. Þá óttast ég um líf mitt,“ segir Ingvar og viður- kennir að hann sé mjög lífhræddur. „Jú, það er rétt. Ég er hræddur við snjóflóð, flugvélar, myrkur og hvað- eina. Ég er mjög lífhræddur.“

Hvort sem það tengist líf- hræðslu Ingvars eður ei, þá segist hann sækja mikið messur á Ísafirði, umfram það sem hann gerði í Reykjavík. „Ég fer mikið í messur hjá séra Magnúsi og þykir hann frábær prestur. Ég fór aldrei mikið í messur í Reykjavík en eftir að ég flutti til Ísafjarðar hef ég sótt kirkju meira. Prédikanirnar hjá séra Magnúsi eru hreint frábærar og fá mig alltaf til þess að hugsa hlutina upp á nýtt,“ segir þessi geðþekki þús- undþjalasmiður að lokum, sem spennandi verður að fylgjast með á næstu árum.



Þjónustuauglýsingar

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9

Opið
10-18
alla
virkja
daga

Hárkomaní
sími 456 6363



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



Söluumboð á Ísafirði

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Skilti fyrir
sumarhús
og gömul
hús

Guðmundur Karl
s. 554 2111 / 846 9993
stebbakalli@hotmail.com



**ENDURVINNSLU-
TUNNAN**

Fyrir endur-
nýtanlegan
úrgang

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Boltinn í beinni...

Fimmtudagur 4. apríl

kl. 19:00 Chelsea - R. Kazan
kl. 19:00 Benfica - Newcastle
kl. 19:00 Tottenham - Basel

Laugardagur 6. apríl

kl. 11:35 Reading - Souh.pt.
kl. 13:45 WBA - Arsenal
kl. 13:53 Stoke - Aston Villa
kl. 13:53 Norwich - Swansea
kl. 15:50 Real M. - Levante
kl. 16:20 Watford - Cardiff
kl. 19:50 Barcelona - Mallorca

Sunnudagur 7. apríl

kl. 12:20 Liverpool - West Ham
kl. 12:55 Tottenham - Everton
kl. 13:53 Newcastle - Fulham
kl. 13:53 Chelsea - Sunderl.

Mánudagur 8. apríl

kl. 15:00 QPR - Wigan
kl. 18:45 Man. Utd. - Man. City

Þriðjudagur 9. apríl

kl. 18:30 Dortmund - Malaga
kl. 18:30 Galatasaray - Real M.

Miðvikudagur 10. apríl

kl. 18:30 Barcelona - PSG
kl. 18:30 Juventus - Bayern M.

Dagar Íslands

4. apríl 1970: Rúgbrauðsgerðin í Reykjavík skemmdist í eldi. Húsið var gert upp og þar eru nú veislusalir ríkisins.

5. apríl 1986: Flugslys varð í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi. Fimm fórust en tveir komust af. Þeir biðu hjálpar í ellefu klukkustundir. Flugvélin var á leið frá Ísafirði til Reykjavíkur.

6. apríl 1944: Átta mönnum var bjargað þegar bandarísk herflugvél steyptist í sjóinn út af Vatnsleysuströnd.

7. apríl 1968: Lög um tíma-reikning öðluðust gildi kl. 01:00. Samkvæmt þeim skal hvervetna á Íslandi telja stundir árið um kring eftir miðfíma Greenwich.

8. apríl 1989: Fyrsta Bónus-verslunin var opnuð við Skútvog í Reykjavík.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

NA og A 3-10 m/s. Dálítil el við norður og austurströndina og stöku el syðst. Úrkomulaust annars staðar.

Horfur á laugardag:

NA og A 3-10 m/s. Dálítil el við norður og austurströndina og stöku el syðst. Úrkomulaust annars staðar.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir austanátt með bjartviðri vestan til.

Krossgátan



					Jón Steingr.	Skjót Átt				Beita		Heiður Langamma
						Hættan				Óttast		
					Einatt							
					Flokkur			Mánuður				
					Leiknin			Diskar				
Fuglinn												
Tala					Hátíð							
Heiðarlegur					Hraði							
								Upphr.		Tvíhlj.		
								Ham-ingja		Totu		
Félagar Temur											R.vík	
											Ótta-sleginn	
Einn												
Liðurinn												
Spurn												
					Einn		Tónn		Átt			
					Í grennd		Af-hending		Grá-lyndið			Háð
Snáðinn	Setan			Sér-hljóðar	Hreyfing					Líta		
Viður-eign					Mein					Silin		
Ótta								Goð				
Jómfrú								Átt				
				Heiðurinn Brátt								
				Tvíhlj.								
Uglu Tala								Vangi				
								Vesæl				
					Presta-kall						Einn	
					Samteng.						Utan	
Kvendýri				Ríkja bandalag		Dvel Kindum						
Samtök				Sérhlj.		R.vík						
Átt												



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgáttu

				F		G			K	
				G	E	T	U	R	Ð	U
				L	É	Ð	I		M	A
				M		A	Ð	A	L	L
Jón Steingr.	↓			S	T	Æ	R	I	R	D
	H	U	G	A	R	V	Í	L		E
R	E	N	G	L	A	I	V		E	K
	L	I	M	I	Ð		A	F	T	R
	D	R	U	N	U	K	R	Ó	N	A
G	U	N	N	A	R	I		L	A	L
	R	Ö	D	D		M	Á	S		O
	↓	T	R	Ó	N	A	S	K	I	K
	T	R	É		Á	R	T	A	L	A
	I	I	Þ	E	M	A		L	Ó	Ð
	L		Æ	R	I	T	F	E	↔	Á
	↘	V	E	I	Ð	A		L	E	R
S	T	Ó	L	L		R	E	L	L	I

Sudoku prautir

				3			9	
3			4			8		
	6	7					2	3
						6		5
	8		1		2		3	
9		4						
2	9					1	5	
		6			3			2
	7			8				

	7	9					5	
			7	2		3		8
1				3				
8					4	2		
		5	9					1
				8				4
5		4		1	6			
	3					8	6	



Sýningargestir tóku í pensil og máluðu mynd.

Gestir Westfjords ArtFest máluðu verk

„Listasýningin gekk rosalega vel. Það kom mikið af fólki, ég gæti trúað að það hafi verið um 4-500 manns sem mættu á sýninguna, sem telst nokkuð gott. Það voru 16 listamenn sem sýndu verk sín, Mírman, Hugleikur Dagsson, Örn Tönsberg, Ziska, Sara Óskarsson og fleiri. Hver listamaður sýndi tvö til þrjú verk. Það var frjálst þema svo hver og einn sýndi hvað þeim langaði að sýna,” segir Rakel Sævarsdóttir, eigandi vefgallerísis mus.es.is og sýningarstjóri listahátíðarinnar Westfjords ArtFest sem haldin var þriðja árið í röð á Ísafirði um páskana.

„Einn af bílunum sem notaðir voru til að koma verkunum á sýninguna var skreyttur

fyrir utan Norska bakarið á Ísafirði, þar sem sýningin var haldin. Það var svolítt flutningur að koma verkunum vestur, Kuku Campers lánaði okkur bíla til að flytja verkin og þeirra bílar eru allir skreyttir. Því var ákveðið að við myndum vera með live painting fyrir utan sýningarsalinn og Örn Tönsberg málaði einn bíl á meðan sýningin stóð yfir,” segir Rakel.

Ísfirðingafélagið lánaði listahópnum aðstöðu sína í Sóltúni og var eitt verk nefnt eftir því, Sóltúnsverkið. Það verður boðið upp á fésbókarsíðu Ísfirðingafélagsins 3. til 4. apríl í gegnum netgallarið Mus.es.is, en gestir listasýningarinnar eiga stóran hlut í því verki.

„Sýningargestir máttu mála það sem þeir vildu á tóman striga sem hengdur var upp á sýningunni og listamenn klára svo verkið fyrir sunnan. Allur ágóði af sölu verksins rennur til Björgunarfélags Ísafjarðar. Þetta er skemmtilegt verkefni og það var gaman að sjá hvað gestir voru viljugir að mála, fólk úr öllum aldurs- hópum tók upp pensil. Listamenn fíniseru verkið svo það verði einhver mynd á því,” segir Rakel, en penslar og akril málning var á staðnum til að gestir gætu spreytt sig á verkinu og tekið þátt í list- sköpuninni. Það var ansi skrautlegt verk að sögn Rakel- ar.

– hordur@bb.is

Opið :
Mánud. til föstud: 11-18
Laugardaga: 11-15

Full búð af nýrri sumurvöru
Frábært úrval af kjólum,
jökkum, buxum og blússum

Verið velkomin

Jón og Gunna verslun
Austurvegur 2
400 Ísafjörður
Sími: 456 3464
jonoggunnaverslun@simnet.is
Við erum á líka á [facebook](#)

BÍLASÝNING

Reynsluakstur á staðnum
Allir sýningarbílar verða
til sölu á frábærum kjörum!

Erum á leiðinni með glæsilega sýningarbíla í heimsókn
til Ísafjarðar, laugardaginn 6. apríl. Sýningin verður að
Sindragötu 3, við SB verkstæðið frá kl. 10 - 17.

DACIA DUSTER 4x4 NÝJASTA STJARNAN

Eldsneytisnotkun í blönduðum
akstri 5,1L/100 km.

Verð frá kr. 4.090.000



NÝTT ÚTLIT 2013 SUBARU FORESTER

Eldsneytisnotkun í blönduðum
akstri 6,5L/100 km.

Verð frá kr. 5.990.000



SUBARU XV 4x4

Eldsneytisnotkun í blönduðum
akstri 6,6L/100 km.

Verð frá kr. 5.590.000



Kaffi og kleinur
fyrir alla!



SKOÐUM OG METUM NOTAÐA BÍLINN ÞINN

Við mætum á staðinn með þjálfaða starfsmenn okkar sem geta metið og skoðað notaða bílinn þinn á staðnum og
í framhaldi gefið þér hugmynd um væntanlega milligjöf fyrir nýjum bíl. Einnig veitum við allar helstu upplýsingar um
lánamöguleika sem í boði eru.

Upplýsingar um sýninguna og tilboð á sýningarbílum í síma 822 8068 eða í gegnum netfangið jberg@bl.is

Athugið að eldsneytisnotkun er uppgæfin samkvæmt stöðlum frá framleiðendum miðað við vissar veðuraðstæður.

B/L

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000